

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2004.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 242 - 236. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er lagt til að rannsóknarnefnd umferðarslysa geti samið sérstaka skýrslu um rannsókn einstaks máls, telji hún tilefni til. Í skýrslunni, sem gerð er opinber, skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins og gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til að afstýra sambærilegum slysum. Er tekið fram í greinargerð að heimild til að gera slíka skýrslu eigi fyrst og fremst við þegar einstakt slys gefur t.d. sérstakt tilefni til athugasemda í umferðaröryggisátt. Í 6. mgr. 12. gr. frumvarpsins er tekið fram að í skýrslum rannsóknarnefndarinnar skuli ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð. Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa um rannsókn einstakra slysa skuli hvorki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum né einkamálum. Laganefnd Lögmannafélags Íslands gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við að rannsóknarnefndinni sé heimilað að gera skýrslur um einstök slys með sambærilegum hætti og t.d. rannsóknarnefnd flugslysa er ætlað að gera samkvæmt lögum nr. 35/2004. Laganefnd bendir hins vegar á að 14. gr. frumvarpsins gengur lengra en 1. mgr. 20. gr. laga nr. 35/2004 að því marki að í nefndu lagaákvæði er einungis kveðið á um það að skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum. Telur laganefnd eðlilegt að kveða á um að skýrslur rannsóknarnefnda skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum sem ræðst af eðli þeirra mála, vegna réttarstöðu sakbornings og meginreglunnar um milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi í sakamálum sem á sér m.a. stoð í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Engin slík rök liggja til þess að kveða á um það í lögum að skýrslum rannsóknarnefndar umferðarslysa megi ekki beita sem sönnunargögnum í einkamálum. Þvert á móti mæla meginreglur einkamálaréttarfars um málsforræði aðila og frjálst sönnunarmat dómara á móti því að lög kveði á um takmarkanir á því hvaða gögnum megi beita sem sönnunargögnum í einkamálum. Laganefnd Lögmannafélags Íslands mælir því gegn því að 14. gr. frumvarpsins verði samþykkt að óbreyttu.

Að öðru leyti gerir Laganefnd Lögmannafélags Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður